

1992–93. – 1062 ár frá stofnun Alþingis.
116. löggjafarþing. – 378. mál.

671. Skýrsla

um störf Vestnorræna þingmannaráðsins árið 1992.

Frá Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins.

1. Kjör fulltrúa í Vestnorræna þingmannaráðið og verkaskipting.

Á fundi Alþingis 24. október 1991 voru eftirtaldir fulltrúar kosnir til setu í Vestnorræna þingmannaráðinu: Árni Johnsen, Jón Helgason, Rannveig Guðmundsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir. Varamenn voru þá kosnir Guðmundur Hallvarðsson, Valgerður Sverrisdóttir, Karl Steinar Guðnason, Margrét Frímannsdóttir og Anna Ólafsdóttir Björnsson. 7. nóvember sama ár kaus Íslandsdeild þingmannaráðsins Steingrímur J. Sigfússon formann og Árna Johnsen varaformann.

Kosning til setu í ráðinu fór fram á ný 3. nóvember 1992. Aðalmenn voru þá kosnir þeir sömu og áður að því undanskildu að Karl Steinar Guðnason var kosinn í stað Rannveigar Guðmundsdóttur og Sigbjörn Gunnarsson kosinn varamaður.

Á fundi í Íslandsdeild ráðsins 18. janúar 1993 var Árni Johnsen kosinn formaður og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir varaformaður deildarinnar.

2. Vestnorrænt ár 1992.

Vestnorræna þingmannaráðið samþykkti á ársfundi sínum sumarið 1989 í Stykkishólmi að leggja til að árið 1992 yrði sérstakt vestnorrænt ár. Í tilefni þess voru í samræmi við tilmæli frá þingmannaráðinu til ríkisstjórna vestnorrænu landanna haldnar þrjár vestnorrænar ráðstefnur árið 1992, ein í hverju landi, og gefinn út af Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins kynningarbæklingur um Vestur-Norðurlönd og vestnorrænt samstarf.

2.1.

Fyrsta ráðstefnan, *vestnorrænt kvennaþing*, var haldin á Egilsstöðum dagana 20.–23. ágúst. Undirbúningur og framkvæmd þingsins var í höndum undirbúningsnefndar sem félagsmálaráðherra skipaði, en formaður nefndarinnar var Ragnheiður Harðardóttir. Guðrún Ágústsdóttir var ráðin framkvæmdastjóri. Einnig var skipuð framkvæmdanefnd fyrir Austurland og sérstakur starfsmaður tímabundið á Egilsstöðum. Um 350 konur sóttu þingið og voru 48 þeirra frá Grænlandi og 63 frá Færeyjum.

Yfirskrift þingsins var vinnumarkaðurinn og var þar fjallað um vinnumarkaðinn, menntun og félagslega stöðu, möguleika kvenna til áhrifa í samfélaginu, hafið, sjávarútveg og umhverfismál.

Jóhanna Sigurðardóttir félagsmálaráðherra setti þingið og á eftir setningarathöfn hófst fjölbreytt dagskrá með þátttöku kvenna frá löndunum þremur. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir flutti ávarp frá Vestnorræna þingmannaráðinu en auk hennar sóttu þingið af hálfu Vestnorræna þingmannaráðsins formaður þess Steingrímur J. Sigfússon og Rannveig Guðmundsdóttir. Upphafleg fjárhagsáætlun hljóðaði upp á tæplega 5 millj. kr. og mun kostn-

aður við þinghaldið hafa rúmast innan þess ramma. Af fjárlögum ársins 1992 fengust 3,2 millj. kr. en auk þess veittu Vestnorræni sjóðurinn, menntamálaráðuneytið og fleiri aðilar styrki.

Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins var í góðu sambandi við formann og framkvæmdastjóra kvennapingsins sem komu m.a. til funda við deildina bæði fyrir og eftir þingið. Þingið þótti hafa tekist í alla staði vel og er það álit Íslandsdeildar að rétt sé að framhald verði á því samstarfi sem hófst á þinginu og að eðlilegt sé að því verði haldið áfram í vestnorrænum vinnuhópi, skipuðum t.d. tveimur fulltrúum frá hverju landi, enda lagði kvennapingið á Egilsstöðum til að annað slíkt þing yrði haldið 1995.

Íslandsdeild mun fylgja máli þessu eftir við félagsmálaráðherra og samstarfsráðherra Norðurlanda.

2.2.

Önnur ráðstefnan, *um umhverfismál*, var haldin í Qaqortoq á Suður-Grænlandi 6.–11. ágúst. Hana sótti Árni Johnsen f.h. Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins. Ályktun ráðstefnunnar fylgir skýrslu þessari sem fskj. I.

2.3.

Þriðja ráðstefnan, *vestnorrænt ungmennaping*, var haldin í Færeyjum 12.–14. september. Hana sótti Steingrímur J. Sigfússon f.h. Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins.

Ályktun, sem samþykkt var á þinginu, fylgir sem fskj. II.

2.4.

Í tilefni Vestnorræna ársins gaf Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins út *kynningarbækling um vestnorrænt samstarf og Vestur-Norðurlönd* í 1.700 eintökum. Bæklingnum var m.a. dreift til allra grunnskóla landsins, allra kennslubókahöfunda, Námsgagnastofnunar, allra sveitarfélaga landsins og Ferðamálaráðs. Einnig var bæklingurinn þýddur á dönsku og Færeyingum og Grænlendingum boðið handritið til útgáfu. Bæklingnum var vel tekið og er augljóst að skortur er á kynningarefni um Vestur-Norðurlönd og samstarf þeirra.

3. Áttundi ársfundur Vestnorræna þingmannaráðsins.

Áttundi ársfundur Vestnorræna þingmannaráðsins var haldinn á Akureyri 15. júní 1992 og sóttu hann 14 þingmenn frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi. Allir fulltrúarnir í Íslandsdeild að undanskilinni Rannveigu Guðmundsdóttur sóttu ársfundinn. Auk þess sátu fundinn aðal- og aðstoðarritarar forsætisnefndar Norðurlandaráðs, upplýsingastjóri ráðsins og aðalritari norsku landsdeildar Norðurlandaráðs, en þessir aðilar höfðu beðið um að fá að fylgjast með störfum ársfundarins vegna þeirrar umræðu sem átt hefur sér stað í Norðurlandaráði og ráðherranefnd Norðurlanda um aukið vestnorrænt samstarf.

Til fundarins var og boðið Jóni Júlíussyni, staðgengli samstarfsráðherra Norðurlanda, sem í fundarhléi skýrði frá tillögum þeim sem lagðar hafa verið fyrir samstarfsráðherrana um styrkingu stöðu Vestur-Norðurlanda í norrænu samstarfi, fulltrúa vestnorrænu nefndarinnar, Sturlaugi Þorsteinssyni sem skýrði frá störfum nefndarinnar, Steinari Jakobsyni sem skýrði frá stöðu Vestnorræna sjóðsins og Ingu Sólnes sem skýrði frá stöðu vestnorrænna ferðamála.

Steingrímur J. Sigfússon tók við formennsku í þingmannaráðinu af Jonathan Motzfeldt, sem gegnt hafði formennsku síðan á ársfundinum á Grænlandi árið áður.

Ársfundurinn hófst með ávarpi fráfarandi formanns og kjöri nýs formanns. Að því loknu flutti fráfarandi formaður stutta skýrslu um störf ráðsins á árinu og Steingrímur J. Sigfússon nýkjörinn formaður flutti skýrslu um störf Íslandsdeildar ráðsins á árinu. Hann fjallaði auk þess um tillögur sem lagðar hafa verið fyrir ráðherranefnd Norðurlanda um styrkingu vestnorræns samstarfs, umhverfismál, nýtingu auðlinda hafsins og þá erfiðleika sem steðja að sjávarútvegi vestnorrænu landanna.

Að lokinni ræðu nýkjörins formanns hófust almennu umræðurnar með þátttöku flestra þingfulltrúanna og stóðu þær til hádegis. Þá var skipuð vinnunefnd til að undirbúa meðferð fundarins á þeim níu þingmannatillögum sem fyrir þinginu lágu. Að loknu hádegishléi hófst umfjöllun um tillögurnar sem allar voru samþykktar að umfjöllun lokinni. Um efni þeirra vísast til þingsályktunartillögu þeirrar sem lögð var fram á Alþingi 19. febrúar 1993 sem 237. mál.

Að loknum aðalfundinum bauð Akureyrarbær til kvöldverðar en næsta dag bauð Íslandsdeild ráðsins þingfulltrúum í skoðunarferð um Suður-Þingeyjarsýslu.

4. Störf Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins.

Deildin hélt sjö fundi á starfsárinu og fjallaði þar m.a. um flugsamgöngur, fiskveiðar og sjávarútvegsmál, *NORDPLUS*- og *NORDJOB*B-verkefni, yfirlýsingu frá Norðurlandaráði Æskunnar og ferð þá sem vestnorrænir þingmenn fóru til funda við umhverfis- og landbúnaðarnefndir þinganna í Danmörku, Svíþjóð og Finnlandi.

4.1.

Í mars 1992 bauð nefndin Önnu Birnu Halldórsdóttur, markaðsstjóra Flugleiða, til fundar til að fjalla um *flugsamgöngur* við Færeyjar og Grænland í tilefni þess að Grænlandsflug hafði hafið samvinnu við danskt flugfélag um flug til Grænlands. Það hafði leitt til þess að ekki var lengur milllent á Íslandi í flugi milli Grænlands og Danmerkur. Sökum ákvæða í loftferðasamningi Íslands og Danmerkur, sem mjög er kominn til ára sinna, er íslenskum flugfélögum óheimilt að halda uppi áætlunarflugi til Grænlands nema í samvinnu við Grænlandsflug. Af hálfu Íslandsdeildar ráðsins kom fram að núgildandi loftferðasamningur væri óviðunandi þar eð hann veitti ekki gagnkvæm flugréttindi.

Upplýst var á fundinum að Flugleiðir og færeyskt flugfélag ættu í samningaviðræðum um flugsamgöngur milli Færeyja og Íslands.

Til fundar við nefndina 18. febrúar 1993 komu forsvarsmenn flugfélagsins Óðins vegna þeirra rekstrarörðugleika sem félagið hefur átt í. Rætt var um þær alvarlegu afleiðingar sem það hefur fyrir samgöngur milli Íslands og Grænlands að ekki er lengur flogið til Grænlands á vegum félagsins og ákveðið að skýra þessi vandamál í bréfi til Vestnorræna sjóðsins.

4.2.

Fiskveiðar og sjávarútvegsmál voru til umræðu í deildinni, aðallega með tilliti til þess að veiðiheimildir Færeyinga í íslenskri lögsögu voru minnkaðar á árinu, og í kjölfar þess urðu miklar umræður í Færeyjum um málið og sem m.a. komu inn á gildi vestnorræns samstarfs. Steingrímur J. Sigfússon skýrði frá því á fundi að hann hafði af því tilefni skrifað grein í færeyska dagblaðið *Dimmalætting* þar sem hann skýrði ástæður þess að veiðiheimildirnar hefðu minnkað og benti á þá algera sérstöðu sem Færeyingar hefðu á Íslandsmiðum þrátt fyrir allt.

4.3.

Rætt var um NORDPLUS-nemenda- og kennaraskiptin og NORDJOB- vinnumiðlunina fyrir norræna unglunga og upplýsinga aflað um hvernig þeir möguleikar, sem NORDPLUS og NORDJOB veita, geta nýst til að kynna vestnorrænum unglungum vestnorræn þjóðfélög og lönd. Ráðherranefnd Norðurlanda veitir NORDPLUS styrki til nemendaskipta á framhaldsskólastigi milli vestnorrænu landanna og hinna norrænu landanna eingöngu. Ráðstafað var 160.000 dönskum krónum til verkefnisins árið 1992 og sömu upphæð árið 1993.

Innan NORDPLUS-junior-kerfisins eru veittir styrkir til nemenda- og kennaraskipta í síðustu bekkjum grunnskólans og fyrstu bekkjum framhaldsskólans. Þessir styrkir eru veittir til námsferða milli Íslands annars vegar og Færeyja eða Grænlands hins vegar en ekki til ferða milli Færeyja og Grænlands eða t.d. milli Færeyja og Danmerkur.

Grænenskum ungmennum var í fyrsta sinn sumarið 1992 gert kleift að sækja um NORDJOB-sumarstörf á Íslandi en þrír íslenskir unglingar hafa fengið sumarstörf í Færeyjum og sex færeyskir á Íslandi síðustu tvö ár.

Íslandsdeild telur ástæðu til að kanna hvort unnt væri að rýmka heimildir til námsferðastyrkja milli vestnorrænu landanna og til sumarstarfa samkvæmt NORDPLUS.

4.4.

Lögð var fram á fundi deildarinnar í maí 1992 yfirlýsing frá vestnorrænum fulltrúum sem tóku þátt í Norðurlandaráði æskunnar í Esbo í Finnlandi. Þar lýstu þeir stuðningi við vestnorrænt samstarf í ljósi þess að þyngdarpunktur norræns samstarfs hefði flust í suður- og austurátt. Þeir hvöttu því alla sem hlut eiga að máli til að koma með tillögur um hvernig styrkja megi samstarf vestnorrænu landanna og annarra Norðurlanda. Fulltrúarnir þökkðu sérstaklega Vestnorræna þingmannaráðinu fyrir að hafa átt frumkvæði að vestnorrænu ráðstefnunum þremur.

4.5.

Á fundum deildarinnar var fjallað um ferð þá sem þingmenn frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi fóru til funda við landbúnaðar- og umhverfisnefndir þjóðþinga Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar til að útskýra viðhorf fyrrnefndu þjóðanna til nýtingar auðlinda hafsins. Fulltrúar Alþingis voru Árni R. Arnason og Steingrímur J. Sigfússon. Hópurinn kynnti á fundunum viðhorf íbúa vestnorræna svæðisins til nýtingar náttúruauðlinda og sérstök áhersla var lögð á að grundvallarreglur um sjálfbæra þróun og nýtingu lífrænna auðlinda eigi að gilda um allt lífríkið, sjávarspendýr og fiskstofna ekki síður en annað.

Íslandsdeild Vestnorræna þingmannaráðsins lýsti ánægju með að förin hefði verið farin og að annar þátttakandinn hefði verið frá deildinni.

4.6.

Ákveðinn hefur verið fundur formanna landsdeilda Vestnorræna þingmannaráðsins í Kaupmannahöfn 5. mars 1993 í tengslum við ferðir sumra þátttakendanna á Norðurlandaráðsþing. Á fundinum verður að venju rætt um undirbúning næsta ársfundar og önnur viðfangsefni sem uppi eru í samstarfinu.

Alþingi, 25. febr. 1993.

Árni Johnsen, form.	Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, varaform.	Jón Helgason.
Rannveig Guðmundsdóttir.		Steingrímur J. Sigfússon.

Fylgiskjal I.

Ályktun frá umhverfisráðstefnu Vestur-Norðurlanda í Qaqortoq. (6.–11. ágúst 1992.)

Á ráðstefnunni var eining um að nauðsyn væri á verndun fiskstofnanna á vestnorræna svæðinu til þess að þeir næðu þeirri stærð að veiðar yrðu hagkvæmar. Norrænt samstarf á þessu sviði er æskilegt bæði í formi tvíhliða samninga og í alþjóðlegum nefndum.

Jafnframt taldi ráðstefnan mikilvægt að unnið væri sameiginlega gegn sjávarmengun sem gæti haft áhrif á stærð fiskstofna og á verðmæti sjávarafurða. Þarna er þörf á samræmingu og samstarfi vestnorrænu landanna til að tryggja áframhaldandi ómengað lífríki sjávar.

Samspil á sér stað í lífríki sjávar og því hafði ráðstefnan þá grundvallarafstöðu að stjórnari bæri nýtingu allra stofnanna sameiginlega í stað þess að stjórnari nýtingu einstakra stofna án tillits til þess hver áhrifin yrðu á aðra stofna.

Vitað er að menn, selir og hvalir byggja á sömu stofnum sjávarlífvera um fæðuöflun. Jafnframt er vitað að fiskurinn í sjónum og aðrar sjávarlífverur eru forsenda þess að Vestur-Norðurlönd verði áfram byggileg.

Reynslan hefur leitt í ljós að erfitt er að fá umhverfis- og dýraverndunarsamtök til að viðurkenna að einnig geti verið þörf á stjórnun veiða. Ráðstefnan bendir og á að afleiðingar ótímabærra og ómálefnaðra afskipta, í líkingu við þá herferð sem farin var gegn selveiðum, geti verið varhugaverðar.

Því leggur ráðstefnan áherslu á að allar ákvarðanir um nýtingu lífríkis sjávar á Vestur-Norðurlöndum skuli byggðar á alþjóðlegum vísindagrunni auk staðbundinnar reynslu og skuli gögn þar að lútandi vera opinber og aðgengileg á viðkomandi svæðum.

Ráðstefnan lætur í ljós ósk um að veittur verði stuðningur til rannsókna á samspili milli mismunandi tegunda sjávarlífvera og milli þeirra og umhverfisins á Vestur-Norðurlöndum.

Ráðstefnan lýsir áhyggjum af þeim klofningi sem er milli norrænu landanna varðandi nýtingu og stjórnun veiða á sjávarspendýrum.

Með tilliti til þess mælir ráðstefnan með stjórnun sel- og hvalveiða með svæðisbundnum samningum á borð við fyrirhugað samstarf innan Norður-Atlantshafssjávarspendýra-

ráðsins (North Atlantic Marine Mammal Commission, NAMMCO), sem lýst var á ráðstefnunni, á sama hátt og fiskveiðum er stjórnað í samræmi við dreifræðisregluna (subsidiaritetsprincíp) í stað þess að veiðunum sé stjórnað með alþjóðasamningum.

Ráðstefnan lýsir jafnframt áhyggjum vegna þeirrar þróunar sem orðið hefur á afstöðu Evrópubandalagsins til þessara mála. Hér er átt við bannið gegn innflutningi á selskinnum, íhaldssama afstöðu til innflutnings hvalaafurða og ályktun Evrópuþingsins um veiðar Færeyinga á grindhval.

Ráðstefnan hefur í grundvallaratriðum jákvæða afstöðu til nýtingar náttúruauðlinda á Vestur-Norðurlöndum að því tilskildu að nýtingin valdi ekki óásættanlegu umhverfistjóni.

Ráðstefnan er sannfærð um að með eftirliti og stjórnun megi tryggja öryggi við hráefnisvinnslu og nýtingu þannig að sömu kröfum og t.d. í Noregi, Svíþjóð og Kanada sé fylgt um umhverfisvernd.

Ráðstefnan lýsir yfir ánægju með þær rannsóknir sem gerðar eru á Suður-Grænlandi og Íslandi á áhrifum sauðfjárbeitar á gróður og jarðveg. Hún telur æskilegt að sams konar rannsóknir verði gerðar á áhrifum hreindýra- og moskusuxabeitar á þau svæði þar sem þessi dýr halda til.

Unnið verður úr þeim gögnum sem lögð voru fram á ráðstefnunni á skrifstofum Vestnorræna þingmannaráðsins m.a. í því skyni að lögð verði fram tilmæli um það sem fjallað var um á ráðstefnunni á næsta þingi Vestnorræna þingmannaráðsins.

Fylgiskjal II.**Ályktun vestnorræns ungmennapings í Færeyjum.
(12.–14. september 1992.)**

I dagene 12. og 13. september 1992 har omkring 25 unge fra de vestnordiske lande, Færøerne, Grønland og Island deltaget i

VESTNORDENS UNGDOMSKONFERENCE '92

hvor man diskuterede ungdomsforhold i almindelighed, frivilligt ungdomsarbejde og de unges arbejdsløshed i vestnorden.

Nedenforstående udtalelser blev derefter vedtaget:

UNGDOMSFORHOLD I ALMINDELIGHED.

GENNEM vore diskussioner har vi konstateret, at vores forhold i de tre vestnordiske lande er relativt ens, dog alligevel væsentlige forskellige.

DEN oversete gruppe unge i aldersklassen 15-20 år og op efter glemmes, det skyldes at de unge i den alder bliver inaktive og passive. Derfor bør man begynde i folkeskolen med at vænne ungdommen til at være kreative og igangsættende. Det kan blandt andet være i hobbygrupper, debatgrupper samt realisering af de ting man lærer i skolen.

PÅ Island og i Grønland findes der muligheder for de unge til at være aktive gennem kommunefinancerede ungdomshuse, men mulighederne udnyttes ikke nok. Det bør undersøges, hvorfor disse ikke virker efter hensigten.

PÅ Færøerne har man ungdomshuse stillet til rådighed, men ikke nogen faciliteter i husene, såsom aktivitetsrum eller værkstedsrum m.m., og manglerne virker ikke befordrende på et selvstændigt initiativ fra de unges side.

UNGDOMMEN er aktive gennem mange forskellige foreninger, men det er sjældent at disses meninger bliver hørt af politikere og af administrationerne i de respektive lande, og de meninger, der bliver hørt, bliver sjældent iværksat.

DET kan det nævnes, at Grønlands Hjemmestyre på trods af de uddannelsessøgendes råd, har gennemført banklån med urimelige høje rentesatser.

ISLANDS regering har bestemt, at studielånene skal udbetales efter karaktergivningen, det vil sige at man først får pengene efter de var nødvendige, op til et halvt år efter studiestart. Derfor bliver de studerende nødt til at optage banklån for at kunne studere.

VI vil derfor opfordre de tre landes regeringer til at tage mere hensyn til ungdomsorganisationernes krav, da de unge er fremtiden.

LIGELEDES vil vi opfordre regeringerne til at tage fat på ungdommens boligproblemer: Der er ikke billige boliger nok til de unge, som de selv kan være økonomisk ansvarlige for.

FRIVILLIGT UNGDOMSARBEJDE.

DET frivillige ungdomsarbejde i de vestnordiske lande, Island, Grønland og Færøerne er for en stor del organiseret i landsdækkende ungdomsråd. Disse ungdomsråd er henholdsvis ÆSI, Sorlak og FUR, som alle stort set har samme struktur.

MEDLEMMERNE af disse ungdomsråd består af et bredt spektrum af forskellige interessegrupper. Blandt andet finder vi de politiske ungdomsforeninger samt studenter- og uddannelsesforeninger, ud over disse finder vi spejderbevægelser og flere mindre ungdomsforeninger af forskellig karakter.

DE vestnordiske ungdomsråd bør have et tættere samarbejde således, at man kan udveksle erfaringer og diskutere fælles problemer. Det er også vigtigt, at de vestnordiske ungdomsråd (og deres medlemsforeninger) arbejder tæt sammen i det nordiske - og andet internationalt samarbejde for derved at styrke Vestnorden.

DE vestnordiske ungdomsråd ÆSI/SNÆ, Sorlak og FUR bør derfor afholde en vestnordisk ungdomskonference hvert andet år på skift i de tre lande.

DET frivillige ungdomsarbejde giver unge erfaringer i samarbejde og beslutningsprocesser. Arbejdet i de forskellige ungdomsforeninger giver også ansvars-

og tilhørsfølelse. Alt dette medvirker til at gøre unge mere modne til at være aktive samfundsborgere, derfor er det vigtigt, at så mange unge som muligt deltager i det frivillige ungdomsarbejde.

DE UNGES ARBEJDSLØSHED I VESTNORDEN.

ARBEJDSLØSHEDEN har i den sidste tid været stigende i de vestnordiske lande.

UNGE mennesker er i høj grad ramt af dette problem. Vi ser alvorligt på denne udvikling, idet unge dygtige mennesker ikke får lov til at bruge sine evner og kræfter på at arbejde. Alvorlige sociale problemer såsom depression, alkohol- og narkotikamisbrug, kriminalitet og endog selvmord er en kendt følge af arbejdsløshed. Unge mennesker uden arbejde kan føle sig som dårlige medborgere og bliver ofte betragtet som således.

DE unges arbejdsløshed bør reduceres gennem en forøget og mere målrettet indsats på undervisnings- og uddannelsesområdet samt gennem arbejdsskabende opgaver. Det kan være positivt at danne arbejdsprojekter på kommune - eller statsniveau, hvor man betaler løn for arbejde i stedet for at yde socialhjælp. Men vi erkender, at dette ikke er en løsning på længere sigt. Det er vigtigt, at unge mennesker føler, at de er noget værd og til nytte for samfundet.

DE vestnordiske landes erhverv er hovedsagligt baseret på fiskeri. Da fiskeriet har haft tilbagegang de seneste år, er det nødvendigt med nye alternative løsninger.

PRODUKTION til hjemmemarkedet i de enkelte lande er en oplagt mulighed. Derfor mener vi, at unge bør opfordres og stimuleres til at igangsætte diverse erhverv. Dette kan bl.a. gøres ved at forenkle etableringsproceduren og myndighedernes krav overfor

den enkelte initiativtager og ved at reducere/ned sætte afgifter o.lign.

PÅ vestnordisk plan kan tænkes, at offentlige myndigheder kunne samarbejde omkring offentlige projekter (udbygninger, tunnelarbejde, anlægsarbejder o.lign.), således at beskæftigelsen kunne øges i de enkelte lande, i stedet for at landene udenfor Vestnorden får tildelt projekterne, importerer arbejdskraft og maskiner til vores lande.

DET er vores håb, at myndighederne i de vestnordiske lande stræber for at gøre det de kan for at reducere arbejdsløsheden. - **Problemet er alvorligt!!!**

Desuden diskuterede man sæl- og hvalfangst, og man blev enig om følgende udtalelse herom:

SÆL- OG HVALFANGST.

FISKEBESTANDENE i det vestnordiske havområde er gået ned på det sidste, økonomien hos de vestnordiske lande er i følge deraf blevet svækket. Derfor er det nu endnu vigtigere end før at udnytte alle muligheder, havets ressourcer giver. Dette indebærer, at havpattedyr som sæl og hval, skal udnyttes på en videnskabelig og bæredygtig måde.

VI foreslår, at de vestnordiske lande samarbejder for at gennemføre en fælles informationskampagne om sæl- og hvalfangst, i stedet for at vrangforestillinger om denne fangst forekommer. Informationskampagnen skal særligt rette sig til vores vigtigste exportlande.